



Reykjavík, 22. mars 2021

R21030239

Viðtakandi: Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir

Efni: Nauðsyn jafnréttismenntunar og vandaðs námsefnis í jafnréttis- og kynjafræðum

Í 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 segir:

„Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.“

Einnig kemur fram í sömu grein að öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Í aðalnámskrá leik-, grunn-, og framhaldsskóla er jafnrétti talinn einn af grunnþáttum menntunar. Þar segir orðrétt:

„Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.“

Auk þess kemur fram í aðalnámskrá að kennarar og leiðbeinendur skuli draga fram stöðu þeirra sem búa við margþætta mismunun og mælt er með að í skólastarfinu sé leitað í þekkingu kynjafræða, hinseginfræða, fjölmenningsfræða og fötlunarfræða.

Þó hefur jafnréttismenntun ekki fengið sess í stundaskrá nemenda líkt og kveðið er á um í aðalnámskrá og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Það er ljóst, þegar horft er til rannsókna sem gerðar hafa verið á íslensku skólakerfi, að fjölmargar áskoranir leynast í starfi með börnum og unglingum. Í rannsóknunum kemur fram að það er meira um greiningar en áður, úrræðaleysi varðandi hegðunarvanda, námsárangur drengja er almennt lakari en stúlkna og meira er um að stúlkur séu með kvíða og depurð eða skorti trú á framtíðina. Einnig kemur fram vanlíðan hinsegin ungmenna og að nemendur líði fyrir kynbundna- og kynferðislega áreitni auk þess sem þeir búi við ýmsar birtingarmyndir fordóma og mismununar. Markviss jafnréttismenntun gæti verði lykilatriði í því að takast á við áskoranir sem þessar. Það er því nauðsynlegt að allir verðandi kennarar fái í sínu námi

kennslu á þessu sviði og geti þannig eft jafnréttisþekkingu og jafnréttisnæmi sem nýtist þeim í krefjandi starfi.

Einnig er mikilvægt er að til sé gott og aðgengilegt námsefni í jafnréttisfræðslu á leik- og grunnskólastigi sem yrði til þess fallið að valdefla kennara við kennslu á jafnrétti, kynjafræði og margþættri mismunun. Er það á ábyrgð Menntamálastofnunar sem hefur það lögbundna hlutverk að sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum.

Margir einstaklingar, samtök og sveitarfélög, hafa bent á nauðsyn þess að taka upp kynja- og jafnréttisfræði í námi allra kennara, má þar nefna jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar til rektora og stjórnenda háskólanna dags. 23. ágúst 2019 og Landssamband íslenskra stúdenta sem tekur undir þetta í yfirlýsingu dags. 3. september 2019.

Reykjavíkurborg hvetur Menntamálastofnun til þess að gera átak í því að vinna nýtt og vandað námsefni fyrir öll aldursstig í jafnréttis- og kynjafræði og leiðbeiningar fyrir kennara. Að auki verði safnað saman á vef Menntamálastofnunar því efni sem þegar er til á þessu sviði og með þeim hætti gert aðgengilegt fyrir kennara og annað starfsfólk. Því fylgi einnig upplýsingar um notkun þess og hver geti veitt ráðgjöf um nálgun og árangursríka nýtingu efnisins.

Reykjavíkurborg hvetur rektora og stjórnendur Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands að innleiða skylduáfangar um kynja- og margbreytileikafræðslu í grunnnám allra nemenda á námsbrautum sem tengjast uppeldis- og menntunarfræðum sem og tómtunda- og félagsmálafræðum til að gera kennara og annað starfsfólk betur í stakk búið til að mæta bæði lögbundnum skyldum sínum sem og þeim fjölbreyttu áskorunum sem mæta þeim í starfi.

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra er hvött til að beita sér fyrir eflingu jafnréttisfræðslu í skólum í takt við ofangreindar ábendingar í samstarfi ráðuneytisins við menntastofnanir ríkisins og sveitarfélaganna. Reykjavíkurborg býður sína krafta til samstarfs um slíka vinnu.


Dóra Björt Guðjónsdóttir

Formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur



Skúli Helgason

Formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur



Afrit:
Menntamálastofnun
Háskóli Íslands
Háskóli Akureyrar
Háskóli Reykjavíkur
Listaháskóli Íslands